

Námsvísir 2022-2023

9. bekkur

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Námshæð: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Ágústa S. Jónsdóttir og Ingunn Alexandersdóttir

Markmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Unnið er eftir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og má nálgast hér:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennt verður í 4 vikna lotum og er markmiðið að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur vinna í flestum tilfellum í samsettum námshópum þar sem áhersla er lögð á samvinnu, sjálfstæði og seiglu. Notast er við Teams og eru námsáætlanir aðgengilegar þar. Við innlögn á nýju viðfangsefni er stuðst við töflukennslu þar sem farið er yfir efnispætti og aðferðir. Í lok hverrar lotu er lögð fyrir könnun. Þá er stuðst við leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf að lotu lokinni og geta nýtt hana við vinnu í næstu lotu.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og byggir á viðfangsefni hverrar lotu út frá hæfniviðmiðum. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma og niðurstöðu úr könnunum sem lagðar eru fyrir í lok hverrar lotu.

Námsmatsskjali er deilt með nemendum, foreldrum og forráðamönnum þar sem hægt er að fylgjast með framvindu út skólaárið.

Námshæð

Skali 2A, Skali 2B, Almenn stærðfræði og efni af vef.

